

Sextugasti og þriðji fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 21. september 2021 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Hann var auk þess í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Arna Hagalínasdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Sara Hafbergsdóttir og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð. Marianna Helgadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Breyting á skipan heilbrigðisnefndar og kosning formanns og varaformanns.

Á 789. fundi bæjarstjórnar kom fram ósk M-lista um breytingu á skipan heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Fram kom tillaga um að Sara Hafbergsdóttir verði aðalmaður M-lista í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis í stað Valborgar Önnu Ólafsdóttur og var það samþykkt.

„Magnús gaf kost á sér sem formaður og Arna sem varaformaður. Þetta var samþykkt samhljóða.“

2. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Mustafa Al Hamoodi f.h. Mister Kebab ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir litlum matsölustað með kebab að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 11. ágúst.
„Staðfest.“
- b) Guðmundur Pétursson f.h. Svans ehf. sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir heimaskrifstofu í tengslum við innflutning og heildverslun með sterkt áfengi, Bollagörðum 26, Seltjarnarnesi, var áður á Suðurnesjum. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi fyrir rekstri lítillar heildverslunar samkvæmt lögum um matvæli þann 18. ágúst.
„Staðfest.“
- c) Sigurjón Birgisson f.h. N 31 ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir skrifstofu í tengslum við innflutning og heildverslun með sterkt áfengi, Markholti 2, Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi fyrir rekstri lítillar heildverslunar samkvæmt lögum um matvæli þann 31. ágúst.
„Staðfest.“
- d) Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir f.h. Iceland Resources ehf. sækir um tímabundið starfsleyfi til jarðborana fyrir gulleit í Þormóðsdal í Mosfellsbæ. Umsóknin var auglýst í 4 vikur. Engar athugasemdir komu á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi sem gildir frá 4. ágúst 2021 til 30. september 2021 samkvæmt lögum um um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með almennum og sértækum starfsleyfisskilyrðum.
„Staðfest.“
- e) Guðmundur A. Böðvarsson f.h. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. sækir um tímabundið starfsleyfi til jarðborana fyrir vinnsluholu hitaveitu Seltjarnarnes við Bygggarða á Seltjarnarnesi. Umsóknin var auglýst í 4 vikur.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Engar athugasemdir komu á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi sem gildir frá 3. september 2021 til 3. mars 2022 samkvæmt lögum um um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með almennum og sértækum starfsleyfisskilyrðum.

„Staðfest.“

- f) Reynir Viðarsson f.h. Ístaks ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsmannabúðir við Bugðufliót 21A-C, 270 Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri starfsmannabúða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 22. júlí.
„Staðfest.“
- g) Ragnar Kr. Árnason f.h. Tannlæknastofu Ragnars Kr. Árnasonar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir tannlæknastofu við Háholt 14, 270 Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri tannlæknastofu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 3. september.
„Staðfest.“
- h) Ásgerður Halldórsdóttir f.h. Seltjarnarnessbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Áhaldahús Seltjarnarnes við Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri áhaldahússins samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 3. september.
„Staðfest.“
- i) Guðmundur Hallbergsson sækir um tímabundið leyfi fyrir niðurrifi og förgun á hálfbrunnum kofa við Hafravatnsveg í Miðdalslandi í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi þann 8. september með gildistíma frá 8. september til 8. október 2021.
„Staðfest.“
- j) Högni Auðunsson f.h. Málmaendurvinnslunnar ehf. sækir um starfsleyfi fyrir móttöku og flokkun brotamálma við Flugumýri 12, 270 Mosfellsbæ. Umsóknin var auglýst í 4 vikur. Engar athugasemdir komu á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstrinum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 9. september.
„Staðfest.“
- k) Guðmundur Hreinsson f.h. Togt ehf. sækir um nýtt starfsleyfis fyrir gistingu í flokk II við Hraðastaðaveg 11, 271 Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri lítils gististaðar í flokki II samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 20. september.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulag.

- a) Seltjarnarnes sendi beiðni um umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi; Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði, Kirkjubraut 20, dagsett 18. ágúst. Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 15. september lögð fram.
- b) Seltjarnarnes sendi beiðni um umsögn vegna auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi: Deiliskipulag vestursvæðis, Ráðagerði, dagsett 18. ágúst. Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 15. september lögð fram.
- c) Seltjarnarnes sendi beiðni um umsögn vegna auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi: Deiliskipulag fyrir reit S-3 í aðalskipulagi Seltjarnarnessbæjar,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

leikskóli, dagsett 18. ágúst.

Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 16. september lögð fram.

- d) Mosfellsbær sendi beiðni um umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Urðarsels í landi Miðdals, dagsett 19. ágúst.

Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 16. september lögð fram.

- e) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um byggingarleyfisumsókn og aðalupprátt fyrir sumarhús við Flekkudalsveg 21a dagsett 13. júlí.

Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 20. ágúst, samhljóða umsögn dagsett 8. júní, lögð fram.

- f) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um deiliskipulag fyrir frístundabyggð Brekkna í landi Möðruvalla í Kjósarhreppi dagsett 8. september.

Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 21. september lögð fram.

4. Leirvogstungumelar.

Vaka hf. kærði ákvörðun Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, sem tekin var á 60. fundi heilbrigðisnefndarinnar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin úrskurðaði þann 8. júlí. Kröfu Vöku um ógildingu ákvörðunar heilbrigðisnefndar um álagningu dagsekta var hafnað. Jafnframt var sagt að rétt hafi verið að hafna umsókn Vöku um starfsleyfi að óbreyttu skipulagi. Ennfremur þótti úrskurðarnefndinni rétt með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga, að dagsektir frá og með móttöku kæru 7. maí til og með uppkvaðningu úrskurðar 8. júlí falli niður. Reikningur fyrir dagsektum dagana 1-6. maí var sendur í kjölfarið. Málið var endurupptekið af Úrskurðarnefndinni og var kveðinn upp nýr úrskurður þann 20. ágúst. Kröfu Vöku um ógildingu ákvörðunar heilbrigðisnefndar um álagningu dagsekta var aftur hafnað. Ennfremur þótti úrskurðarnefndinni rétt að dagsektir frá og með móttöku kæru 7. maí til og með uppkvaðningu úrskurðar 20. ágúst falli niður.

„Framkvæmdastjóri upplýsti nefndina um málið.“

5. Önnur mál.

- a) Lagt fram minnisblað um olíumengun eftir bílveltu við Þúfu í Kjós.
- b) Lagt fram erindi vegna umhverfismats á tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2032 á starfssvæði fjögurra sorpsamlaga á suðvesturhorni, þ.e. SORPA bs, Sorpurðun Vesturlands, Sorpstöð Suðurlands og Kalka, sorpeyðingarstöð, Suðurnesjum. Frestur til athugasemda er til 29. Október.
- c) Heilbrigðisnefnd leggur fram eftirfarandi bókun:
„Valborgu Önnu Ólafsdóttur, fyrrum formanni heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, er hér með þökkun góð og óeigingjörn störf í þágu íbúa og sveitarfélaganna sem að heilbrigðiseftirlitinu standa. Valborgu er óskað alls velfarnaðar í framtíðinni.“

Fundi var slitið kl. 18:40.